

**Nd.** **411. Breytingartillögur** [217. mál]  
við frv. til l. um breyt. á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

Frá Magnúsi H. Magnússyni og Matthíasi Bjarnasyni.

1. 1. gr. orðist svo:
2. töluliður. 5. gr. laganna orðist svo:  
Gera tillögur um úthlutun landsvæða til félagsræktunar, byggingar sumarbústaða einstaklinga, orlofshúsa félaga launþega og vinnuveitenda og til almennrar útivistar, ef sóst er eftir landi í því skyni.
2. 2. gr. orðist svo:  
Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:  
Óski félag launþega eða vinnuveitenda eftir landi til rekstrar orlofshúsa fyrir félagsmenn eða starfsmenn félaganna, er jarðanefnd rétt að heimila slík afnot lands, rýri þau ekki til muna kosti jarðarinnar til búskapar.